

DRÖG FTL3A05 Fötlun, viðhorf og þjónusta

Námsáætlun, vorönn 2024

Kennari:

Þórkatla Þórisdóttir

Netfang:

thorkatla.thorisdottir@borgo.is

Lýsing:

Viðfangsefni áfangans snýr að samspili fötlunar, viðhorfs og þjónustu. Fjallað er um ólík sjónarhorn fötlunarfræða og ólíkar skilgreiningar á fötlun. Sjónum er beint að ferli þess að eignast fatlað barn og vera foreldri fatlaðs barns út frá þeirri þjónustu sem fyrir hendi er. Auk þess er fjallað um þjónustu við fullorðið fatlað fólk og samspil fötlunar og öldrunar er skoðað. Fjallað er um það þegar sjúkdómur leiðir til fötlunar og þegar einstaklingur fatlast á lífsleiðinni. Hugmyndafræði W. Wolfensberger um gildisaukandi velmetandi hlutverk er kynnt í tengslum við umræðu um námstækifæri, atvinnu og notendastýrða persónulega þjónustu. Hugað er að því hvernig hægt er að móta samfélag án aðgreiningar með það að markmiði að saga útilokunar og útskúfunar endurtaki sig ekki.

Þekking, leikni, hæfni:

- Að nemendur þekki til ólíkra sjónarhorna fötlunarfræða og geti beitt þeim í nálgun sinni í þjónustu við fatlað fólk
- Að nemendur þekki til hugmyndafræði um gildisaukandi velmetandi hlutverk og geti beitt þeim í daglegu lífi
- Að nemendur þekki til félaga fatlaðs fólks
- Að nemendur hafi hæfni til að greina á milli persónulegra og félagslegra þátta við skilgreiningu fötlun fólks
- Að nemendur geti beitt gagnrýnu sjónarhorni á gæði þjónustu og stuðnings fyrir fatlað fólk
- Að nemandi geti tileinkað sér virðingu fyrir mannlegum fjölbreytileika

Námsmat:

Mæting og virkni í kennslustundum 25%
Miðannarverkefni: kynning (kennsla) í umræðutíma 25%
Verkefni 10%
Lokaverkefni (rannsóknarverkefni) 30%
Þælingaverkefni/hugrenningar í lok áfanga 10%

Námsgögn:

Efni af námsvef

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Kennsluáætlun kann að taka breytingum á önninni en þá að höfðu samráði við nemendur. Nemendur þurfa að standast alla matsþætti. Rík áhersla er lögð á mætingar og ástundun.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5. jan	Skipulag og samráð	
2	8.-12. jan	Kynning á efni áfangans Fötlunarfræði, ólík sjónarhorn	LOTA I
3	15.-19. jan	Sjónarhornin og Samfélag án aðgreiningar	
4	22.-26. jan	Að eignast fatlað barn	
5	29. jan – 2.feb.	Börn með hrörnunarsjúkdóma (Batten) hugmyndafræði þjónustu	
6	5.-9. feb	Félög fatlaðs fólks	
7	12.-16. feb	Réttindagæslumaður, persónulegur talsmaður	
8	19.-23. feb	Umræðautími: Eigindlegar rannsóknaraðferðir LOTA:Undirbúningur miðannarverkefnis (hópavinna) og fleira	
9	26. feb – 1. mars	Þegar sjúkdómur leiðir til fötlunar MS og MND	LOTA II
10	4.-8. mars	Þegar sjúkdómur leiðir til fötlunar Parkinson	
11	11.-15. mars	Þegar sjúkdómur leiðir til fötlunar Alzheimer	
12	18.-22. mars	Þegar sjúkdómur leiðir til fötlunar Stóma	
13	25. mars – 1. apríl	Þegar fólk með fötlun verður aldrað	
14	2.-5. apríl	Vinna við lokaverkefni í umræðutíma s.s. samantekt rannsókgagna.	
15	8.-12. apríl	Gildisaukandi, velmetin hlutverk	
16	15.-19. apríl	Gildisaukandi, velmetin hlutverk	
17	22.-26. apríl	Samantekt og lokafrágangur	Kennslu lýkur Pælingav.
18	22. apríl – 3. maí	Einkunnaskil	LOTA III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.